



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Vottun á jafnlaunastefnu í fyrirtækjum

Tillögur samráðshóps sem félagsmálaráðherra skipaði til að vinna að vottun jafnra launa

1. Markmið.

Að fá fyrirtæki til að afla sér vottunar á því að unnið sé með markvissum hætti að launajafnrétti kynjanna.

2. Framkvæmdar og ábyrgðaraðilar.

Lagt er til að komið verði á laggirnar samvinnuverkefni Háskóla Íslands, Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík undir stjórn Árelíu E. Guðmundsdóttur, Elínar Blöndal og Margrétar Jónsdóttur.

3. Fjármögnun.

Lagt er til að félagsmálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið kosti undirbúning og fyrstu framkvæmd. Leitað verður eftir samstarfi við SA, og aðra hagsmunaaðila á vinnumarkaði. Kostunaraðilar ásamt framkvæmdaraðilum mynda stjórn verkefnisins.

Fyrirtæki greiði gjöld fyrir þátttöku í vottunarferlinu og árgjald fyrir vottun. Þá verði verkefnið einnig kostað af atvinnulífinu og stjórnvöldum.

4. Þátttakendur.

Lagt er til að þátttaka verði valkvæð. Öll fyrirtæki, opinber og einkafyrirtæki, geti sótt um vottun. Stærstu einkafyrirtækin og opinberi geirinn verða hvött sérstaklega til að taka þátt. Lagt verður til að stærstu fyrirtækin og stofnanirnar fái sérstaka aðstoð við að hrinda verkefninu í framkvæmd í fyrsta skipti. Nokkur fyrirtæki hafa óskað eftir að vera frumkvöðlafyrirtæki.

5. Vottunaraðilinn.

Lagt er til að sérstakur aðili sjái um vottunina og framkvæmdin verði samstarfsverkefni ofangreindra háskóla. Vottunarnefnd verður starfandi fyrir hvert fyrirtæki fyrir sig en sérhvert fyrirtæki tilnefnir fulltrúa sinn í vottunarnefndina hverju sinni.

6. Hvað þurfa fyrirtækin að gera til að fá vottun?

Gert er ráð fyrir að fyrirtæki þurfi að sýna fram á að unnið sé með markvissum hætti að launajafnrétti á vinnustaðnum.

Vottunaraðilar skilgreina matsþætti sem gefa til kynna hver staðan er í fyrirtækinu. Þessir matsþættir verða unnir af framkvæmdaraðilum í samvinnu við nokkur fyrirtæki og prófaðir á þeim.

Fyrirtækjum verða gefin stig og þurfa þau að ná ákveðnum stigafjölda til að fá vottun. Gert er ráð fyrir að fyrirtækin fara í gegnum tímasetta áætlun um úrbætur bæði til að ná tilsettum stigafjölda til vottunar og til að unnt sé að staðfesta að jafnlaunastefna þeirra sé virk. Vottunin verði endurmetin reglulega.

7. Hvernig fer vottunin fram?

Vottunarferlið er samvinnuverkefni fyrirtækjanna og vottunaraðila. Að lokinni vottun gerfst fyrirtækjunum kostur á að sýna vottunarmerkið í tiltekinn tíma. Endurmat verður einfaldara í sniðum. Framkvæmdaaðilar útfæra nánar starfsreglur.

Reglulega verður birtur listi í fjölmiðlum yfir þau fyrirtæki sem hlotið hafa vottun.

8. Hvernig fást fyrirtækin til að taka þátt?

Bætt ímynd fyrirtækja er helsti hvati til þátttöku. Fyrirtæki með vottun verða fyrirtæki sem konur og karlar vilja vinna hjá og versla við. Jafnvel gætu stjórnvöld hvatt til þátttöku með því að umbuna vottuðum fyrirtækjum á einhvern hátt. Lögð verður áhersla á að fá atvinnulífið til samvinnu **og að ná breiðri samstöðu um verkefnið.**

9. Tengsl við Jafnréttiskennitöluna.

Stefnt er að því að einn þeirra þátta sem mynda *Jafnréttiskennitöluna*, sem er sérstakt verkefni unnið af Rannsóknasetri vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst, verði hvort fyrirtæki hefur aflað sér vottunar á launajafnrétti.